



Alþýðusamband Íslands

# PACTA SUNT SERVANDA (Samningar skulu standa)

Ályktanir aðildarsamtaka ASÍ vegna vanefnda ríkisstjórnar Íslands



Alþýðusamband Íslands

## Yfirlýsing samninganefndar ASÍ vegna endurskoðunar kjarasamninga

Samninganefnd ASÍ hefur í dag ákveðið að segja upp gildandi kjarasamningum þrátt fyrir vanefndir stjórnvalda á þeim fyrirheitum sem gefin voru við gerð þeirra.

Ljóst er að mikill meirhluti aðildarfélaga Alþýðusambandsins telur að mikil verðmæti liggi í þeim launahækkunum sem kjarasamningarnir tryggja og að ekki sé forsvaranlegt að grípa til uppsagna þeirra við núverandi aðstæður. Þetta er niðurstaða umfangsmikillar umræðu sem átt hefur sér stað um forsendur kjarasamninga og framgang þeirra undanfarnar tvær vikur meðal samninganefnda rúmlega 50 aðildarfélaga ASÍ. Aðeins þrjú þeirra vildu segja upp samningum.

Þær forsendur sem lúta að beinum samskiptum launafólks og fyrirtækja á borð við kaupmáttaraukningu launa, stöðugu verðlagi og styrkingu krónunnar standast. Því er ekki ástæða til neinna sérstakra viðbragða af hálfu samninganefndarinnar gagnvart atvinnurekendum. Allar forsendur eru fyrir hendi að kaupmáttur almennra launa hækki þriðja árið í röð og mikilvægt að tryggja að af því verði. Fjórða forsenda kjarasamninga snýr að efndum ríkisstjórnarinnar á þeim fyrirheitum sem gefin voru með yfirlýsingu hennar frá 5. maí 2011.

Það er ekki ofögum sagt að samskipti verkalyðshreyfingarinnar við ríkisstjórnina vegna vanefnda hennar á mikilvægum liðum yfirlýsingarinnar hafa verið með slíkum ólíkindum að hríkt hefur í stoðum. Í þeim erfiðleikum sem þjóðin er í hafa aðildarfélög Alþýðusambands Íslands lagt mikla áherslu á að skapa forsendur fyrir breiðri sátt á vinnumarkaði og við stjórnvöld. Sátt sem lagt geti grunninn að öflugri sókn í efnahags-, kjara- og atvinnumálum. Mikilvægur liður í þessu var að tryggja frið á vinnumarkaði á sama tíma og sóttar hafa verið kjarabætur fyrir íslenskt launafólk. Með gerð kjarasamninganna á síðasta ári tókst þetta verkefni. Það er því makalaust að það skuli vera ríkisstjórn Íslands sem er sá aðili sem ógnar þeirri sátt sem náðst hefur á vinnumarkaði.

Þrátt fyrir mikla tregðu á stjórnarheimilinu hefur við þessa endurskoðun kjarasamninga tekist að þoka áfram mikilvægum málum. Má þar nefna tilraunaverkefni þar sem stéttarfélögin í samstarfi við atvinnurekendur koma í ríkara mæli að þjónustu við atvinnuleitendur einkum í formi ráðgjafar og vinnumiðlunar. Átak verður gert í baráttunni við félagsleg undirboð í tengslum við útboð þjónustu og verklegra framkvæmda og kennitöluflakk. Alþýðusambandið mun koma að endurskoðun laga um almannatryggingar sem miða m.a. að því að koma á frítekjumarki vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Þegar kemur að atvinnumálum stendur enn margt út af borðinu og fátt verið gert. Sérstök vonbrigði vekur sá seinagangur sem er í afgreiðslu rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem átti að liggja fyrir í lok síðasta árs. Mikilvægt er að sú vinna við faglega forgangsröðun virkjanakosta, sem átt hefur sér stað sl. 10 ár, verði lögð fram á Alþingi og að um hana geti verið breið sátt því með henni yrði lagður grunnur að 10-15 ára uppbyggingu atvinnulífs í sátt við náttúruna.

Þrátt fyrir að tekist hafi að þoka málum áfram eru það mikil vonbrigði og að sama skapi ámælisvert að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar séu með þeim hætti að málum er hleypt í farveg átaka um efnisatriði sem sátt hafði náðst um fyrir átta mánuðum. Innan raða Alþýðusbandsins ríkir mikil gremja í garð stjórnvalda vegna þessa. Það er ólíðandi að íslenskt launafólk skuli ekki geta treyst orðum oddvita ríkisstjórnarinnar.

Reykjavík 20. janúar 2012



## Starfsgreinasamband Íslands

### **Ályktun formannafundar vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar**

„Formannfundur Starfsgreinasambands Íslands haldinn þann 18. janúar 2012 lýsir yfir miklum vonbrigðum með vanefndir ríkisstjórnarinnar á loforðum sem gefin voru í tengslum við undirritun kjarasamninga. Aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið við öll ákvæði samninga en það er ólíðandi að kjarasamningar skuli vera í uppnámi vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar. Það er ámælisvert að ríkisstjórnin skuli enn ekki hafa staðið við fyrirheit sín og að íslenskt verkafólk geti ekki treyst yfirlýsingum hennar. Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands krefst þess að ríkisstjórnin efni loforð sín tafarlaust.

### **Um SGS**

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landsamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

### **Aðildarfélög SGS eru nú þessi:**

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vlsfél. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vlsfél. Keflavíkur og nágrennis (VSFK), Vlsfl. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.



## YFIRLÝSING

Stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna lýsir sárum vonbrigðum með að ríkisstjórn Íslands hafi ekki staðið við þau fyrirheit, sem gefin voru með yfirlýsingu hennar við gerð kjarasamninga hinn 5. maí 2011. Vill stjórnin benda sérstaklega á að sú aðför sem gerð er að almennu lífeyrissjóðunum gengur þvert á gefin fyrirheit um jöfnun lífeyrisréttinda á íslenskum vinnumarkaði, sem ríkisstjórnin lofaði að hafist yrði handa um. Þá mun það lengi í minnum haft að ríkisstjórn, sem kennir sig við norræna velferð, skuli svíkja gefin loforð um þá hækjun atvinnuleysisbóta og aðrar hækkanir almannatrygginga, sem um var samið.

Þrátt fyrir svíkin loforð ríkisstjórnarinnar telur stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna ekki tímabært að segja upp nágildandi kjarasamningi. Byggir sú afstaða stjórnarinnar á því að í honum felast verðmæti fyrir verslunar- og skrifstofufólk sem m.a. munu koma til framkvæmda 1. febrúar næstkomandi.

Stjórn LÍV krefst þess af stjórnvöldum og atvinnurekendum að ráðist verði í fjárfestingar sem skili fólkiniu í landinu fleiri störfum til framtíðar. Að nýta ekki þau tækifæri sem nú þegar eru til staðar til atvinnuuppbyggingar gerir ekkert annað en að viðhalda þeirri óvissu sem nú ríkir. Fólkið í landinu mun ekki láta sitt eftir liggja, standi ríkisvaldið og atvinnurekendur við sitt!

Reykjavík 19. janúar 2012



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

## Ályktun miðstjórnar Rafiðnaðarsambands Íslands vegna endurskoðunar kjarasamninga.

Í kjarasamningum sem undirritaðir voru 5. maí síðastliðinn er ákvæði um að samningsaðilar skuli meta forsendur kjarasamninganna í janúar 2012 og liggja þá eftirfarandi forsendur til grundvallar:

- Kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu desember 2010 – desember 2011 samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
- Verðlag haldist stöðugt á samningstímanum og að verðbólga verði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði.
- Að gengi krónunnar styrkist marktækt frá gildistöku samningsins til loka árs 2011.
- Að stjórnvöld hafi staðið við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamning þennan.

Fari svo að ofangreindar forsendur standist ekki skal kalla saman fund samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu.

Þau atriði er snúa að efnahagsmálum hafa staðist á þessum tímamótum í janúar 2012. Hins vegar hafa ótal atriði er snúa að efndum ríkisstjórnar ekki staðist sem skyldi. Ekki hefur verið unnið að jöfnun lífeyrissréttinda almennra og opinberra lífeyrissjóða auk þess hefur Alþingi samþykkt að skattleggja almenna lífeyrissjóði umfram þá opinberu. Við það verður ekki unað og hefur Miðstjór RSÍ nú þegar boðað að sú skattlagning verði sótt til baka fyrir dómstólum verði ekki fallið frá þeirri skattlagningu og eignir sjóðsfélaga endurgreiddar nú þegar, hafi lífeyrissjóðir þegar staðið skil á þessum skatti.

Nú er tími aðgerða og betur má ef duga skal! Nú verður að ljúka gerð áætlunar um að leiðréttu réttindi sjóðsfélaga á almennum vinnumarkaði upp að þeim opinbera, eigna- og tekjutenging vaxtabóta þarf að endurskoða með það að markmiði að draga úr skerðingum. Tekið verði á kennitöluflakki og útboðsmálum, unnið verði markvisst að því að fjárfesting í atvinnulífi verði aukin. Aukið verði samstarf við stéttarfélögin vegna reksturs og stjórnunar atvinnuleysisbótakerfisins.

Skipta verður úr stöðnun í vöxt!

Reykjavík, 18.1.2012  
Kristján Þórður Snæbjarnarson  
Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands



## **Samþykkt miðstjórnar vegna endurskoðunar á forsendum kjarasamninga**

"Samkvæmt kjarasamningum sem undirritaðir voru 5.maí s.l. var kveðið á um að endurskoða ætti forsendur kjarasamninga fyrir 20.janúar 2012. Í slíku mati bæri að taka tillit til þróunar kaupmáttar og framgangs efnispáttta sem getið var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur kaupmáttur launa almennt aukist á samningstímanum meðal iðnaðarmanna.

Varðandi framgang verkefna sem getið er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur verið staðið við nokkur veigamikil atriði en verulega skortir á að staðið hafi verið við gefin fyrirheit varðandi eflingu atvinnulífs og jöfnun lífeyrisréttinda.

Þrátt fyrir alvarleika þess að ríkisstjórnin hefur ekki staðið við gefin fyrirheit sem voru forsendur þess að lagt var til að kjarasamningar yrðu staðfestir, leggur miðstjórn Samiðnar til við samninganefnd ASÍ að kjarasamningunum verði ekki sagt upp að svo komnu máli.

Miðstjórn Samiðnar skorar á ríkisstjórnina að breyta orðum í athafnir og taka sér tak og standa við gefin fyrirheit um aðgerðir ekki síst hvað varðar jöfnun lífeyrisréttinda og eflingu atvinnulífsins.

Hafi ríkisstjórnin ekki pólitískan kraft og vilja til að takast á við jafn brýnt verkefni og eflingu atvinnulífsins ber henni að víkja og boða til kosninga sem fyrst. Núverandi stjórnarandstaða hefur ekki sýnt ábyrgð né pólitískra getu til að taka við landsstjórninni og þjóðin hefur ekki efni á að bíða eftir aðgerðum fram á mitt næsta ár."



## Fundur samninganefndar Flóafélaganna

### *Mikil óánægja með stjórnvöld á fundinum*

Samninganefnd Flóafélaganna, Eflingar, Hlífar og VSFK samþykkti einróma ályktun þar sem umboð er veitt til framlengingar kjarasamninganna. Í ályktuninni eru stjórnvöld harðlega gagnrýnd fyrir að hafa ekki staðið við sinn hluta af fyrirheitum sem veitt voru við gerð kjarasamninganna. Á fundinum kom fram mikil gagnrýni á núverandi stjórnvöld vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar en fundurinn taldi engar forsendur til að slíta kjarasamningi við atvinnurekendur þar sem þeir hafa staðið við ákvæði samninganna.

*Samninganefnd Eflingar-stéttarfélags, Vlf. Hlífar og Verkalyðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis átelur stjórnvöld harðlega fyrir að hafa ekki staðið við gefin fyrirheit í samræmi við loforð sem fylgdu gildandi kjarasamningum.*

*Á félagssvæði félaganna þriggja er viðvarandi langtímaatvinnuleysi sem skrifast beint á máttleysislegar aðgerðir stjórnvalda í atvinnumálum. Stéttarfélögin og ASÍ hafa allt frá hrúninu haustið 2008 lagt megináherslu á að halda uppi atvinnu. Samkomulag aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda gekk út á að efla atvinnu og fjölgla störfum í landinu. Það hefur stjórnvöldum mistekist.*

*Stéttarfélögin minna á að félögin og Samtök atvinnulífsins hafa staðið að fullu við ákvæði kjarasamninganna þannig að ekki er tilefni til uppsagna samninganna gagnvart atvinnurekendum. Við ákvörðun um framlengingu þeirra er því mikilvæg krafa á ríkisvaldið að stjórnin standi við fyrirheitin sem gefin hafa verið.*

- *Að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga fylgi launahækjunum*
- *Að ríkið hverfi frá fyrirhugaðri skattlagningu á réttindi í almennu lífeyrissjóðunum*
- *Að ríkið standi við fyrirheit um endurskoðun á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta*

*Samninganefnd Flóafélaganna minnir á að löng hefð er fyrir árangursríku samstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Á þessu samningstímabili hafa stjórnvöld gengið gegn markmiðum samninganna um stöðugleika og atvinnuuppbryggingu og þannig grafið undan mikilvægum undirstöðum þessa samstarfs. Það vantraust sem stjórnvöldin bera fulla ábyrgð á verður ríkjandi áfram þar til stjórnin stendur að fullu við þau fyrirheit sem gefin voru við gerð síðustu kjarasamninga.*



## Yfirlýsing frá Trúnaðarráði VR

Trúnaðarráð VR lýsir miklum vonbrigðum með þær vanefndir sem orðið hafa á loforðum ríkisstjórnar Íslands, sem gefin voru í yfirlýsingu hennar frá 5. maí 2011, í tengslum við undirritun kjarasamninga. Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið við öll ákvæði samninganna, vantar mikið upp á að ríkisstjórnin standi við loforð sín. Er það í annað skiptið sem það gerist frá því að ríkisstjórnin gekk á bak orða sinn í kjölfar hins svokallaða stöðugleikasáttmála.

Það er óþolandí að fjölmennasta stéttarfélag landsins geti ekki treyst þeim yfirlýsingum sem ríkisstjórnin gefur frá sér. Það lýsir alvarlegum trúnaðarbresti sem ekki verður unað við.

Trúnaðarráð VR krefst þess að ríkisstjórn Íslands bregðist tafarlaust við og bæti úr augljósum vanefndum sínum og að:

- Hækkun almannatryggingabóta haldist í hendur við hækkun lægstu launa, eins og lofað var.
- Horfið verði frá ósanngjarnri og vanhugsaðri skattlagningu á lífeyrissjóði fólksins í landinu upp á 2.800 milljónir króna, sem að öllum líkindum felur í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.
- Endurskoðun fari fram á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta eins og lofað hafði verið í tengslum við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012.
- Breytingar verði gerðar á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks og komið verði í veg fyrir kennitöluflakk.
- Hefja skuli við fyrsta tækifæri tilraunaverkefni sem feli í sér aðkomu stéttarfélaga við þjónustu við atvinnuleitendur.

<http://www.vr.is/index.aspx?GroupId=476386&TabId=1738&NewsItemID=18910&ModuleTabsId=4038 - #>

Reykjavík 16. janúar 2012



17. janúar 2012

## Ályktun fundar samninganefndar AFLs

*Samninganefnd AFLs Starfsgreinafélag telur að með því að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttir hefur ítrekað rofið samkomulag og samninga við verkalýðshreyfinguna undanfarin ár og nú síðast með því að skattleggja félagsmenn Alþýðusambandsins sérstaklega með skatti á lífeyrissjóði þeirra, séu allar forsendur fyrir áframhaldandi samvinnu aðila vinnumarkaðarins við ríkisstjórnina brostnar.*

*Samninganefndin telur, að þrátt fyrir að kaupmáttarákvæði kjarasamninga hafi haldið til þessa séu forsendur til aðhalda áfram þeim þrihliða kjarasamningi sem Alþýðusambandsfélöginn gerðu við Samtök Atvinnulífsins og ríkisstjórnina brostnar. Þó að litið sé framhjá sviknum loforðum um atvinnuupþbyggingu og fjárfestingar – vegur ósanngjörn skattlagning á hluta landsmanna í gegnum skattlagningu á lífeyrissjóði og lægri hækjun almannatryggingarbóta en lofað var, þyngra en sem nemur þeim verðmætum sem fólgin eru í gildandi kjarasamningi.*

*AFL Starfsgreinafélag telur fyrirhugaða skattlagningu á lífeyrissjóði almenns launafólks vera slikt rof friðar sem ríkt hefur um fjóra áratugi á fyrirkomulagi lífeyrisréttinda launafólks að ekki verði við unað. Þessi skattlagning mun bitna einvörðungu á launafólki á almennum launamarkaði sem þegar hefur tekið á sig skerðingu lífeyris í kjölfar efnahagshrunsins – bæði þeir sem nú þiggja lífeyri svo og hafa réttindi fólks á vinnumarkaði verið skert.*

*Á sama tíma eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna varin og viðbótarfé sótt í ríkissjóð þegar lífeyrissjóðir þeirra eiga ekki fyrir skuldbindingum.*

*Þessi skattlagning gengur þvert á þann samning sem Alþýðusambandsfélöginn gerðu við ríkisstjórnina um jöfnun lífeyrisréttinda.*

*Pá óttast félagsmenn AFLs Starfsgreinafélags að uni verkalýðshreyfingin því enn einu sinni að seilst verði eftir fjármagni með skattlagningu á lífeyrissjóði okkar, verði erfitt að verja þá til framtíðar og því sé í raun verið að takast á um framtíðarskipan lífeyrismála okkar.*

Stjórn og trúnaðarráð Öldunnar stéttarfélags gerir þá eðlilegu kröfu til stjórnmalamanna að þeir virði samkomulag og samninga. Þeir alþingismenn sem samþykkja lög sem mismuna þegnum þessa lands eins og skattlagning á lifeyrissjóðina hefur í för með sér, eru vanhæfir til að fara með löggjafavalda landsins. Þegar við semjum við stjórvöld um kjarabætur til handa atvinnulausum og örorku- og ellilífeyrisþegum ætlumst við til að orð og skriflegt samkomulag standi í þeim eftirnum. Þar sem sýnt virðist að enn og aftur eigi að svíkja launafólk þá er mælirinn fullur. Svona gera menn ekki.

Því er það einróma álit fundarins að segja beri samningum upp þar sem mjög veigamiklar forsendur hans eru brostnar vegna vanefnda ríkistjórnar. Eins lýsir fundurinn yfir fullkomnu vanrausti á núverandi stjórvöld og krefst þess að boðað verði til kosninga nú þegar svo starfhæft alþingi geti tekið við stjórn landsins sem fyrst.

10. janúar 2012  
Stjórn og trúnaðarráð Öldunnar stéttarfélags



## Svikin loforð

Sameiginlegur fundur samninganefndar Bárunnar, stéttarfélags og Verslunarmannafélags Suðurlands haldinn á Selfossi 11. janúar 2012 harmar vanefndir ríksstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana sem undirritaðir voru í maí 2011.

Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt á sig mikið erfiði og fórnir til að ná markmiðum samningsins þá hefur ríksstjórn velferðar, jöfnuðar og lýðræðis svikið mikilvæg loforð í þríhliða samkomulagi milli aðila

Flest loforð um bætt kjör til handa þeim sem minnst bera úr býtum hafa verið svikin og ekkert bólar á fjárfestingum eða aðgerðum sem væntingar voru uppi um við undirskrift samningsins. Atvinnuleysi er viðvarandi og álögur á almenning aukast jafnt og þétt. Ekkert bólar á marglofuðum störfum og ekki er enn farið að vinna að jöfnuði lífeyrisréttinda heldur þvert á móti er hert á snörunni um háls almennu lífeyrissjóðanna.

Fundurinn minnir á að aftur og aftur hefur þessi ríksstjórn, sem sótti umboð sitt til almennings, svikið loforð sín. Fundarmenn spyra hvort ríksstjórnin telji sig geta notið trausts í því ljósi?

Fundurinn krefst þess að nú þegar verði farið í þær atvinnuskapandi aðgerðir sem lofað var, svo koma megi atvinnulífinu af stað þannig hér fari að skapast hagvöxtur sem byggir á öðru en að sækja pening í vasa launafólks.

Fyrir hönd Bárunnar, stéttarfélags,

Halldóra Sigr. Sveinsdóttir      s.8965724

Fyrir hönd Verslunarmannafélags,

Margrét Ingþórsdóttir, formaður s.6912774



Akureyri 18. janúar 2012

### **Eining-Iðja vill ekki segja upp samningum**

Á fjölmennum fundi trúnaðarráðs og samninganefndar félagsins var samþykkt að segja ekki upp kjarasamningum en jafnframt var ríkisstjórnin harðlega gagnrýnd fyrir að efna ekki gefin loforð í tengslum við gerð kjarasamninga í maí í fyrra. Það er krafa Einingar-Iðju að ríkisstjórnin efni alla þætti yfirlýsingar sinnar.

### ***Ályktun vegna vanefnda ríkisstjórnar***

„Trúnaðarráð Einingar-Iðju og samninganefnd félagsins lýsa yfir miklum vonbrigðum með vanefndir ríkisstjórnarinnar á loforðum sem gefin voru í tengslum við undirritun kjarasamninga og skora á hana að efna alla þætti þeirra. Aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið við öll ákvæði samninga en það vantar mikið upp á að ríkisstjórnin standi við loforð sín. Við slíkan trúnaðarbrest verður ekki unað. Það er ólíðandi með öllu og ámælisvert að ríkisstjórnin skuli enn ekki hafa staðið við fyrirheit sín og að stéttarfélög landsins geti ekki treyst yfirlýsingum hennar.“



## Forsendur kjarasamninga halda

Á fundi trúnaðarráðs Félags bókagerðarmanna 17. janúar 2012 var fjallað um endurskoðunarákvæði kjarasamninga FBM og SA. Niðurstaða þeirrar umræðu var að forsendur kjarasamninga haldi gildi sínu.

Trúnaðarráð var hins vegar mjög ósátt við framgang mála sem snúa að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hún gaf við undirritun kjarasamninga 5. maí 2011. Þar má nefna skatt á lífeyrissjóði sem bitnar fyrst og fremst á sjóðum almennra launamanna í ljósi þeirrar staðreyndar að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna hafa ríkisábyrgð.

Einnig eru mikil vonbrigði með að ekki sé staðið við fyrri yfirlýsingu um að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga hækki til samræmis við hækkun lægstu launa í kjarasamingum þ.e. kr. 11.000. Í stað þess hyggst ríkisstjórnin hækka bætur um 3,5%. Fleiri atriði er hægt að telja til sem ekki hafa gengið eftir og því liggar fyrir að vonbrigði með framgang ríkisstjórnarinnar eru mikil.

Trúnaðarráð Félags bókagerðarmanna



19. janúar 2012


## Tilkynning frá VM

VM sá ekki tilgang með því að setja samann ályktun á fundum félagsins um þau málefni sem snúa að forsendum endurnýjunar kjarasamninga 20. janúar 2012.

Það er lýsandi dæmi um afstöðu félagsins til starfandi ríkisstjórnar að ekki er talið tilefni til að eyða tíma og pappír í að semja ályktun til stjórnavalda sem hvorki hlusta eða taka tillit til þess sem að þeim er beint.

VM telur það niðurlægjandi fyrir stjórvöl að fjölmennt stéttarfélag telji sig ekki hafa lengur ástæðu til að reyna að hafa samskipti við þau.


f.h. Félags vélstjóra og málmtæknimanna.

  
Guðmundur Ragnarsson  
Formaður VM

Fundur stjórnar og trúnaðarráðs Stéttarfélagsins Samstöðu haldinn 16 janúar 2012, telur ekki rétt að kjarasamningum verði sagt upp . Nauðsynlegt er að þær launahækkanir sem samið var um komi til framkvæmda.

## Ályktun frá stjórn og trúnaðarráði Stéttarfélagsins Samstöðu

Stjórn og trúnaðarráð Stéttarfélagsins Samstöðu krefst þess að ríkisstjórn Íslands standi við gefin fyrirheit sem fram koma í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gerði við verkalýðshreyfinguna samhliða kjarasamningum 5. maí 2011. Það er harðlega gagnrýnt að greiðslur til atvinnulausra og öryrkja voru ekki hækkaðar eins og lofað var. Stjórnvöld gáfu fyrirheit um að vinna að jöfnun lífeyrisréttinda en ekkert hefur gerst í þeim efnum . Þvert á móti eru lagðar álögur á almennu lífeyrissjóðina, sem er spor í öfuga átt.



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES  
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901  
KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

### Ályktun

#### stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness

Stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness krefst þess að ríkisstjórn Íslands standi við öll þau loforð sem fram koma yfirlýsingum sem ríkisstjórn gerði við verkalýðshreyfinguna samhliða kjarasamningum 5. maí 2011. Að öðrum kosti sér stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness sig knúið til að lýsa yfir algeru vantrausti á núverandi ríkisstjórn vegna síendurtekinna svika og vanefnda við íslenskt launafólk og krefst þess að stjórnin fari frá og boðað verði til kosninga við fyrsta tækifæri.

Það er þyngra en tárum taki að nú virðist núverandi ríkisstjórn ætla að svíkja íslenskt launafólk illilega þriðja skiptið í röð.


- Fyrsta skiptið sem ríkisstjórn Íslands sveik verkalýðshreyfinguna var samkomulag sem gert var við þáverandi ríkisstjórn samhliða kjarasamningum 17. febrúar 2008 um verðtryggingu og krónutöluhækkanir persónuafsláttar sem áttu að koma til framkvæmda 2010 og 2011 og einnig 6.500 króna hækjun á atvinnuleysisbótum sem átti að taka gildi 1. júní 2010. Ef núverandi ríkisstjórn hefði staðið við þetta samkomulag þá væri persónuafslátturinn nú 7.000 kr. hærrí á mánuði en hann er í dag.
- Önnur svík núverandi ríkisstjórn voru vegna stöðugleikasáttmálans sem gerður var í júní 2009, enda sá verkalýðshreyfingin sig knúna til að segja sig frá þeim sáttmála í júní 2010 vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar.
- Og nú síðast, í þriðja sinn, ætlað ríkisstjórnin að svíkja stóran hluta þess samkomulags sem gerður var samhliða kjarasamningum 5. maí 2011, en í þeim svíkum ræðst hún illilega á þá sem hvað lakast standa í íslensku samfélagi um þessar mundir, en það eru atvinnulausir, ellir og örorkulífeyrisþegar. En samkvæmt yfirlýsingunni eiga bætur til þessara hópa að hækka um 11.000 kr., en ríkisstjórnin hefur hins vegar tekið ákvörðun um að hækka þessar bætur einungis um 5.500 kr.

Hver hefði trúðað því að ríkisstjórn sem kennir sig við norræna velferð, félagshyggu, jöfnuð og réttlæti skyldi ráðast jafn illilega á jör íslensks launafólks eins og núverandi stjórn hefur ítrekað gert frá því hún komst til valda.

Það er ekki aðeins að þessi samkomulög hafi verið svíkin, heldur hefur skjaldborgin gagnvart heimilunum einnig brugðist og í staðinn fyrir skjaldborg í kringum skuldsett heimili hefur verið slegin skjaldborg í kringum fjármálastofnanir og erlenda vogunarsjóði. Atvinnuuppgöggj og atvinnusköpun hefur algerlega brugðist, enda er nánast sama atvinnuleysi í dag og var í janúar 2009. Alþýða þessa lands átti síður en svo von á því að öllum vanda hrunsins yrði varpað miskunnarlaust og grímulaust yfir á launafólk, sem birtist m.a. í skefjalausum skattahækkunum og gjaldskrárhækkunum sem dunið hafa á íslenskum launþegum á síðstu misserum.

Akranesi, 10. janúar 2012

F.h. stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness,

  
Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA



Á fundi hjá Verkalýðsfélagi Snæfellinga 13/01 2012 um kjaramál, var samþykkt að ekki beri að segja upp kjarasamningum, þó svo að forsenduákvæði gagnvart ríkisstjórnini hafi brostið. Enda mun þá ekki koma til framkvæmda 11.000,kr launahækkun 1 febrúar gagnvart launþegum.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Snæfellinga, krefst þess að ríkisstjórn Íslands standi við þau loforð sem fram koma í yfirlýsingu hennar, frá 5 maí 2011.

Einnig mótmælir fundurinn skattaálögum á lífeyrissjóði launafólks og minnir á tilgang með stofnun þeirra og hlutverki. Og hvetur verkalyðshreifinguna að nota öll þau ráð sem hún getur til að hnekkja ákvöðrun stjórnvalda.

Fundurinn telur að ef A.S.Í. fari í viðræður við ríkisstjórnina vegna kjaraskerðingar almennings, verði einnig lögð áhersla á að laga eldsnætis- og raforkuverð. Enn fremur að bæta í og lagafæra heilbrigðiskerfið í landinu. Því það komi öllum til góða.

F.h.stjórnar Verkalýðsfélags Snæfellinga



Fundur stjórnar og trúnaðarráðs Verk Vest haldinn 11.janúar 2012 hvetur stéttarfélög innan ASÍ til samstöðu til varnar launaþegum á Íslandi. Vinnuveitendur hafa staðið við sitt, því er nauðsynlegt að tryggja að þær hækkanir sem samið hefur verið um verði að veruleika 1.febrúar nk. Fundurinn telur ekki rétt að kjarasamningum verði sagt upp og setja þannig frið á vinnumarkaði í uppnám, þrátt fyrir að ríkisstjórnin standi ekki við gefin loforð. Hætta er á að slíkt stefni kjarasamningum og málefnum launþega í algjöra óvissu. Fundurinn lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnvalda komi til samningsslita og ófriðar á vinnumarkaði í kjölfar endurskoðunar forsenduákvæða kjarasamninga. Verkefni forustumanna samninganefnda innan ASÍ og atvinnurekenda er að krefja ríkisstjórnina um efndir þeirra loforða sem þar voru gefin þann 5. maí 2011.



Verslunarmannafélag Suðurlands

## Ályktun Verslunarmannafélags Suðurlands.

Sameiginlegur fundur samninganefndar Bárunnar, stéttarfélags og Verslunarmannafélags Suðurlands haldinn á Selfossi 11. janúar 2012 harmar vanefndir ríksstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana sem undirritaðir voru í maí 2011. Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt á sig mikið erfiði og fórnir til að ná markmiðum samningsins þá hefur ríkisstjórn velferðar, jöfnuðar og lýðræðis svikið mikilvæg loforð í þríhliða samkomulagi milli aðila

Flest loforð um bætt kjör til handa þeim sem minnst bera úr býtum hafa verið svíkin og ekkert bólar á fjárfestingum eða aðgerðum sem væntingar voru uppi um við undirskrift samningsins. Atvinnuleysi er viðvarandi og álögur á almenning aukast jafnt og þétt. Ekkert bólar á marglofuðum störfum og ekki er enn farið að vinna að jöfnuði lífeyrisréttinda heldur þvert á móti er hert á snörunni um háls almennu lífeyrissjóðanna.

Fundurinn minnir á að aftur og aftur hefur þessi ríkisstjórn, sem sótti umboð sitt til almennings, svikið loforð sín. Fundarmenn spryra hvort ríkisstjórnin telji sig geta notið trausts í því ljósi?

Fundurinn krefst þess að nú þegar verði farið í þær atvinnuskapandi aðgerðir sem lofað var, svo koma megi atvinnulífinu af stað þannig hér fari að skapast hagvöxtur sem byggir á öðru en að sækja pening í vasa launafólks.